

BORGARRÁÐ 6. september 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Vináttuverkefni Barnaheilla - R18090078

Fjölmargir leikskólar vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla í starfi sínu. Einn grunnskóli vinnur með Vináttuverkefnið sem tilraunaverkefni. Spurt er: Bíður borgin þeim leik- og grunnskólum sem óska eftir að vinna með verkefnið að greiða kostnað við verkefnið, t.d. námskeið fyrir leikskólakennara og/eða starfsfólk og efni: töskur, bangsa og bækur, að hluta til eða öllu leyti? Ef að hluta til, hversu stór hluti er það?

Greinargerð:

Upplýsingar um Vináttu tekið af vef Barnaheilla: Vinátta er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Verkefnið felst í útgáfu námsefnis sem ætlað er börnum á leik- og grunnskólaaldri og foreldrum þeirra sem og námskeiðum fyrir kennara. Efnið er danskt að uppruna og heitir á frummálinu Fri for mobberi. Það er þýtt, staðfært og gefið út í samstarfi við Red barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku. Frá árinu 2014 hefur Vinátta staðið leikskólum á Íslandi til boða. Mikil ánægja er með verkefnið þar sem það er notað og hefur Vinátta breiðst hratt út hér á landi og var í byrjun árs 2018 notað í um 40% íslenskra leikskóla. Rannsóknir í Danmörku hafa leitt í ljós mjög góðan árangur af notkun Vináttu og þau börn sem eru í skólum þar sem unnið er með efnið sýna meiri samhygd gagnvart hvert öðru. Nú hafa Barnaheill einnig gefið út efni fyrir 1.–3. bekk grunnskóla og verður unnið með það í tilraunaskyni í 15 grunnskólum í sex sveitarfélögum veturinn 2017–2018. Í framhaldi af þeirri vinnu mun það efni standa öllum grunnskólum til boða. Haustið 2018 er gert ráð fyrir að efni verði einnig í boði fyrir 0–3ja ára börn í leikskólum og hjá dagforeldrum. Auk Íslands og Danmörku er námsefnið einnig í notkun í Eistlandi, Færeyjum og á Grænlandi.